

Föstudaginn 15. maí 1987.

Nr. 62/1987.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Merði Ingólfssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Þór Vilhjálmsson og prófessor Arnljótur Björnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. nóvember 1986 til þyngingar.

Með tilvisun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Mörður Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur og saksóknarlaun í ríkissjóð 40.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. október 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 16. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 537/1986: Ákærvaldið gegn Merði Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 22. september sl.

Mál þetta hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur með ákæru, dagsettri 24. mars 1986, á hendur ákærða Merði Ingólfssyni nemanda, Eskihlíð 10, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. mars 1970.

Ákærða er í ákærinni gefið að sök að „hafa, skömmu fyrir miðnætti föstudagskvöldið 13. september 1985, fyrir utan unglingskemmtistaðinn „Villta, tryllta Villa“, Skúlagötu 30 í Reykjavík, þar sem ákærði var í stórum hópi unglinga og til orðaskipta og einhverra átaka hafði komið á milli ákærða og Þorvalds Breiðfjörðs Þorvaldssonar, Öldugranda 7, Reykjavík, fædds 17. desember 1969, veist að Þorvaldi með vasahníf og stungið hann stungu hægra megin í brjóstið, sem gekk í gegn um geislung, gollurshús og inn í hjartað, með þeim afleiðingum að lífi Þorvalds varð eigi bjargað þrátt fyrir skurðaðgerð er gerð var á honum á sjúkrahúsi skömmu síðar.

Brot ákærða telst varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940:“

Þess er krafist í ákærinni að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi föstudagsins 13. september 1985 voru nokkrir lögreglumenn í Reykjavík við löggæslu við unglingskemmtistaðinn Villta, tryllta Villa, sem er við Skúlagötu hér í borg. Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns nr. 72, Stefáns Línalds Gíslasonar, kom piltur til þeirra kl. 23.22 og kvað pilt hafa verið stunginn með hnífi og lægi hann skammt austan við nefndan skemmtistað. Hlupu lögreglumennirnir strax á staðinn enda staddir um það bil 50 m frá. Er þeir komu að piltinum lá hann á grúfu. Sagði hann lögreglumönnum að piltur, sem hann þekkti ekki, hefði stungið sig í brjostið með hníf. Við athugun kom í ljós að hann var með um það bil 1 cm breiðan skurð vinstra megin á brjóstinu og hafði blætt lítilsháttar úr skurðinum. Lögreglumennirnir kölluðu þegar til sjúkrabifreið og báðu um að hún yrði send með hraði til þeirra. Einnig báðu þeir um aðstoð fleiri lögregluþjóna og kom fljótt aukið lögreglulið á vettvang. Sjúkrabifreið kom skömmu síðar á staðinn.

Á meðan lögreglumennirnir biðu eftir sjúkrabifreið urðu þeir að halda hinum særða manni niðri þar sem hann braust um en hann gat ekki tjáð sig neitt utan að hann kallaði tvisvar sinnum að hann vildi ekki deyja. Þegar sjúkraliðsmenn ásamt lækni og hjúkrunarkonu komu á staðinn var hann þegar færður inn í sjúkrabifreið sem flutti hann á slysideild.

Eftir að sjúkrabifreið kom á staðinn gaf piltur sig fram við lögregluþjóna er voru komnir á vettvang hinum lögreglumönnum til aðstoðar. Kvaðst hann hafa stungið pilt skömmu áður og hefði hann notað til þess vasahníf sem hann hefði verið með á sér. Var hann þegar færður á lögreglustöðina, Hverfisgötu 113 fyrir varðstjóra og kom í ljós að hér var um að ræða ákærða í máli þessu. Kvaðst ákærði við yfirheyrslu hafa stungið piltinn í brjostið. Var hann með vasahníf í jakkavasa sem hann kvaðst hafa notað

til verknaðarins, en hnífur þessi er vasahnífur með tveimur hnífsblöðum og var storknað blóð á öðru þeirra. Er það hnífsblað u.þ.b. 7,5 cm langt.

Samkvæmt skýrslu Stefáns Líndal kvaðst ákærði hafa verið staddur fyrir utan fyrrnefndan skemmtistað og verið að ræða við pilt sem hann kannaðist við og er kallaður Össi. Hann kvaðst hafa verið að kveðja Össa og er þeir skildu hafi hann, það er ákærði, slegið kumpánlega á öxl hans. Kvaðst ákærði síðan hafa snúið sér við og ekki vitað fyrir en þrifið var í öxl sér og hann spurður að því hvort hann hefði verið að slá Össa. Kvað hann hér hafa verið á ferð piltinn sem hann síðar stakk. Kvaðst ákærði hafa reynt að segja piltinum að hann hafi eingöngu verið að kveðja Össa, en pilturinn hefði bara æstst upp og allt í einu þrifið af sér hatt, sem ákærði kvaðst stöðugt ganga með sökum þess að hann væri með blettaskalla, og hefði hann átt við þann sjúkdóm að stríða í rúmlega 4 ár. Ákærði kvaðst hafa náð hattinum aftur og sett hann á sig, en pilturinn hefi þrifið hattinn aftur. Ákærði kvaðst hafa náð hattinum eftir stutt átök við piltinn og þá gengið á burt. Hann kvaðst síðan ekki hafa vitað fyrir en að hann fékk bylmingsspark í bakið og hefði hann orðið að fá sér sæti sökum verkja eftir höggið. Hann kvaðst hafa orðið mjög reiður við höggið og meðan hann var að jafna sig hafi hann ákveðið að drepa piltinn. Hann kvaðst hafa tekið upp vasahníf sinn og spennt hann upp og farið að leita að piltinum. Hann kvaðst síðan hafa fundið hann skammt vestan við nefndan skemmtistað og spurt hann að því hvort hann vildi ekki taka af sér hattinn einu sinni enn. Jafnaframt sagðist hann hafa sagt piltinum að hann myndi deyja ef hann gerði það. Hann kvað piltinn hafa hlegið að sér og þrifið hattinn. Kvaðst ákærði þá hafa ætlað að stökkva á hann, en pilturinn þá slegið til sín. Ákærði kvaðst þá hafa stungið hnífnum í brjostið á piltinum. Pilturinn tók fyrir brjóst sér en gekk síðan burtu. Ákærði kvaðst þá hafa farið þarna frá og haldið að hann hefði ekki hitt piltinn og ekki hugsað um hann frekar fyrir en hann sá sjúkrabifreiðina koma á staðinn og hann hefði heyrt fólk vera að tala um að piltur hefði verið stunginn og verið væri að færa hann inn í sjúkrabifreið. Ákærði kvaðst þá hafa gefið sig fram við næstu lögregluþjóna sem hann sá.

Ákærði var að lokinni yfirheyrslu á lögreglustöð fluttur á slysadeild til töku á blóðsýni sem var rannsakað og kom í ljós að alkóhólmagn í blóði hans reyndist 1,53‰. Samkvæmt skýrslu Stefáns Líndals Gíslasonar var ákærði mjög áberandi ölvaður.

Kl. 2:20 var hringt til lögreglunnar frá slysadeild Borgarspítalans og skýrt frá því að piltur sá, sem orðið hafði fyrir hnífsstungunni, væri látinn. Reyndist nafn hans vera Þorvaldur Þorvaldsson til heimilis að Öldugranda 7, Reykjavík, fæddur 17.12. 1969.

Fyrir liggur í málinu krufningarskýrsla frá rannsóknarstofu Háskólans,

undirrituð af Ólafi Bjarnasyni. Í skýrslu þessari er vitnað til aðgerðarlýsingar Gunnars H. Gunnlaugssonar yfirlæknis, þar sem lýst er tilraunum til að bjarga lífi Þorvalds eftir að hann var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Segir þar meðal annars að líklegt hafi þótt að sjúklingurinn hefði fengið stungu inn í hjartað og hafi eina ráðið verið talið að fara inn í sjúklinginn og loka gatinu á hjartanu og reyna að hnoða það í gang. Þótt ástand sjúklingsins virtist vonlítið var ákveðið að reyna þetta þar sem um svo ungan sjúkling var að ræða og var hann því færður upp á skurðstofu. Síðan er aðgerð á honum lýst og kemur þar fram að umrætt gat á hjartanu hafi verið saumað saman. Hjartað hafi síðan verið hnoðað og gefið adrenalín og allt reynt til þess að fá það gang, en það hafi ekki bifast. Hafi pilturinn verið úrskurðaður látinn þegar klukkuna vantaði stundarfjórðung í 1, að fararnótt 14. september 1985.

Ályktun krufningarskýrslu Ólafs Bjarnasonar er á þessa leið:

„Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu, sjúkraskrá Borgarspítalans og því sem fannst við krufninguna, hefir pilturinn verið stunginn með hnífi í brjóstið rétt inn við brjóstbein hægra megin í gegnum geislung á VIII. rífi. Stungan hefir síðan gengið inn í gegnum gollurshús inn í hjartað og í gegnum vegginn á hægra afturhólfi framan-, utan- og neðanvert. Hefir gollurshúsið fyllt af blóði eftir stunguna og hefir það dregið piltinn til dauða. Merki sáust eftir það að brjósthol hafði verið opnað við skurðaðgerð svo og gollurshús en stungusár í hægra afturhólfi tekið saman með saumum.“

Rannsóknastofa í lyfjafræði við Háskóla Íslands gerði athugun á magni etanóls í blóði Þorvalds Þorvaldssonar og kom í ljós að magn etanóls í blóði var 0,42‰ og í þvagi 0,58‰.

Guðmundur Gígja lögreglumaður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur í skýrslu greint frá því að rannsóknarlögreglunni hafi verið tilkynnt um mál þetta kl. 23:38 að kvöldi 13. september 1985. Guðmundur ræddi við ákærða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu eftir að hann hafði verið fluttur þangað til geymslu eftir blóðtöku á slysadeild. Samkvæmt skýrslu Guðmundar var ákærði þá áberandi ölvaður og andlega langt niðri vegna þessa atburðar en gat þó sagt skýrt og greinilega frá því sem gerðist. Var frásögn hans í megindráttum á sama veg og rakið var hér að framan úr skýrslu Stefáns Línalds Gíslasonar.

Að kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærði úrskurðaður í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. september 1985 til að hlíta forsjá barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þó eigi lengur en til 1. nóvember sama ár. Einnig var honum gert að sæta geðheilbrigðisrannsókn.

Ákærði var fyrst yfirheyrður vegna máls þessa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kl. 15:00, 14. september 1985 af Helga Danielssyni, yfirlögreglu-

þjóni. Skýrði ákærði þar svo frá, að kunningjar hans, Grímur Atlason og Albert Sveinjónsson hefðu komið heim til sín kvöldið áður, en hann var einn heima þar sem foreldrar hans voru erlendis. Þeir horfðu þar á sjónvarp og drukku áfengi sem þeir höfðu útvegað sér, og kvaðst ákærði hafa drukkið úr fleyg af Ballantines whisky sem hann átti. Kl. 23:00 fóru þeir heiman frá honum í leigubíl og fóru fyrst að Lækjartorgi, en héldu síðan að Villta, tryllta Villa og fóru þar úr bifreiðinni. Þeir voru svolítið „kenndir“ þegar þangað kom. Ákærði átti um tvo þriðju eftir í flöskunni og drakk eitthvað á staðnum auk þess sem hann gaf krökkum að drekka úr henni.

Ákærði kvaðst hafa staðið mitt á milli framangreinds veitingastaðar og verslunarinnar Tralla, sem er rekin við veitingastaðinn, er hann hitti pilt, sem hann kannaðist við og kallaður er Össi. Töluðu þeir saman og gaf ákærði honum „sjúss.“ Þegar þeir kvöddust sló ákærði kumpánlega á bak Össa og gekk í áttina að Villta, tryllta Villa. Þegar hann var rétt lagður af stað var þrifið harkalega í öxl hans og honum snúið við. Var þetta strákur, sem hann hafði séð áður, en þekkti ekki. Hann mundi ekki klæðnað hans að öðru leyti en því, að hann var í einhvers konar peysu. Pilturinn sagði ekkert en tók af ákærða húfuna og spurði hvort ákærði hefði verið að lemja Össa. Ákærði kvaðst hafa slegið hann kumpánlega í öxlina eða eitthvað í þá áttina en orðalagið mundi hann ekki. Pilturinn sagði þá: „Djöfull ert þú með fallett hár.“ Sagði ákærði honum þá að þegja, tók af honum húfuna, setti hana á sig og gekk á brott. Hann hafði ekki gengið nema nokkur skref þegar hann fékk högg í bakið. Fann hann til nístandi sársauka, auk þess sem hann missti andann. Þegar hann leit við sá hann sama piltinn. Ákærði hljóp nú á brott og reyndi að ná andanum auk þess sem hann kúgaðist. Settist hann á kantstein þarna rétt hjá.

Þegar ákærði hafði jafnað sig nokkuð stóð hann upp og hitti þá Albert og Grím, en varð viðskila við þá aftur. Aftur hitti hann sama piltinn og spurði hann af hverju hann hefði slegið sig í bakið og sagði hann þá að ákærði hefði sagt sér að þegja og það skyldi hann ekki gera. Einnig sagðist hann ekki hafa kýlt hann í bakið heldur notað fæturna. Ákærði sagði að það væri sama, hann hefði ráðist aftan að sér eins og aumingi. Pilturinn spurði ákærða hvort hann væri að segja að hann væri aumingi. Ákæri sagði að það væri hann kannski ekki, en það hefði verið aumingjalegt að ráðast aftan að sér. Pilturinn tók þá aftur húfuna og henti henni í götuna og skreið ákærði eftir henni til að ná í hana og hljóp kjökrandi á brott, enda hafði hann ekki ætlað að stofna til neinna vandræða.

Þessu næst er orðrétt bókað eftir ákærða: „Eftir þetta síðasta atvik fór allt að hringsnúast í höfði mínu og margra ára innbyggðar tilfinningar brutust út á þessum mínútum og treysti ég mér ekki til að lýsa með orðum

öðruvísi en að ég man ekkert eftir hvað var að gerast í kringum mig fyrr en ég slengdi hnífnum í átt að stráknum.“

Síðan mundi ákærði það að hann sá hóp af fólki í kringum sjúkrabil og spurði einhvern, sem hann mundi ekki hver var, hvað væri að ske og var honum þá sagt að piltur hefði verið stunginn með hnífi. Áttaði hann sig þá á því að það hefði verið hann sem hefði gert þetta, eða réttara sagt grunaði, að það hefði verið hann og gaf hann sig þá fram við lögregluna.

Ákærði skýrði frá því að síðustu ár hefði hann verið með blettaskalla og síðust 3-4 ár hafi hann alltaf gengið með húfu og væri hún tekin af honum finnst honum hann vera algjörlega varnarlaus og skriði bara fyrir fótum þess, sem taki hana af sér. Þannig hafi hlaðist upp vanlíðan, minni-máttarkennd og reiði sem hafi brotist út umrætt kvöld með þessum hræðilegu afleiðingum.

Þegar ákærði kom fyrir dóm vegna kröfu RLR um úrskurð um forsjá barnaverndar hinn 14. nóvember 1985 kvað hann Þorvald hafa tekið af sér húfuna og síðan sparkað í bakið á sér. Hafi Þorvaldur alls tekið húfuna af sér þrisvar sinnum. Kvaðst ákærði hafa verið lítilsháttar ölvaður er umræddur atburður átti sér stað. Hann sagði að aðeins fáeinar sekúndur hafi liðið frá því Þorvaldur svipti húfunni af honum síðast og þar til hann veittist að Þorvaldi með hnífnum. Hann kvaðst ekki muna hvort hann opnaði hnífinn í jakkavasa sínum eða eftir að hann tók hnífinn upp úr vasanum.

Við frekari yfirheyrslu hinn 20. september 1985 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins kvaðst ákærði hafa farið frekar seint að sofa aðfaranótt 13. september og hann hafi vaknað á föstudagsmorgun um kl. 7:50, áður en hann fór í skóla. Hann var síðan í skólanum fram yfir hádegi en síðan fór hann niður í bæ, meðal annars til að fá greidd laun sem hann átti hjá vinnuveitanda sínum. Grímur Atlason var með honum og fóru þeir í áfengisverslun og fengu mann til að kaupa þar vín fyrir sig. Þeir komu síðan heim til ákærða um kl. 17:00 og þá ætlaði ákærði að reyna að sofna þar sem hann hafi verið þreyttur og með mikinn höfuðverk og tók hann inn eina töflu af magnyl. Hann gat hins vegar ekki sofnað. Fyrir kl. 20:00 kom Grímur til hans aftur og sátu þeir, tóluðu saman og horfðu á sjónvarp og einnig kom Albert Sveinjónsson nokkru síðar. Byrjuðu þeir þá að drekka áfengi og horfðu jafnframt á sjónvarp. Um kl. 23:00 hringdu þeir á leigubíl en þá var ákærði búinn að drekka um það bil $\frac{1}{3}$ úr whiskeypelanum sem hann átti.

Ákærði lýsti síðan því er hann hitti fyrrnefndan Örn eða Össa við skemmtistaðinn Villta, tryllta Villa og hvernig hann kvaddi hann með því að slá á öxl honum. Þegar ákærði var að ganga í burtu og búinn að taka 2-3 skref var honum allt í einu snúið harkalega við. Var þar strákur, sem

hann þekkti ekki, en kannaðist við andlitið á honum. Spurði strákurinn ákærða að því hvort hann hefði verið að lemja Össa og svaraði hann neitandi. Strákurinn tók þá húfuna af ákærða og sagði: „Djöfull ert þú með fallest hár.“ Ákærði náði þá að grípa húfuna úr hendi stráksins og setti hana á höfuðið og gekk síðan burt frá honum. Um leið og hann gekk burt frá stráknum tautaði ákærði fyrir munnri sér: fáviti eða fifl. Ætlaði hann stráknum ekki að heyra þetta. Þegar hann hafði gengið nokkur skref fékk ákærði mikið högg aftan í bakið og við það missti hann andann. Hann varð að beygja sig saman vegna sársauka, en leit þó við og sá strákinn og vissi þá að hann hefði gefið sér þetta högg. Hljóp ákærði í burtu og settist á stein. Þar jafnaði hann sig í um það bil 5-10 mínútur.

Ákærði fór þá aftur að skemmtistaðnum og lét sem ekkert hefði í skorist. Þegar hann hafði gengið um og talað við krakka var strákurinn allt í einu kominn fyrir framan hann. Ákærði spurði hann þá að því hvers vegna hann hefði kýlt sig í bakið og sagði að það hefði verið aumingjalegt af honum að gera það. Strákurinn sagðist hafa gert það vegna þess að hann hefði kallað sig fifl en það skyldi hann ekki gera aftur. Spurði hann ákærða síðan hvort hann væri að kalla hann aumingja. Ákærði svaraði því neitandi og sagði að hann hefði sagt það aumingjalegt af honum að kýla sig í bakið. Þá sagði strákurinn að hann hefði ekki kýlt ákærða í bakið heldur hefði hann notað fæturna. Ákærði sagði honum þá að það væri jafn aumingjalegt af honum. Hann spurði ákærða þá aftur að því hvort hann væri að kalla sig aumingja, en ákærði svaraði því á sömu leið og áður. Þá tók strákurinn aftur húfuna af ákærða og spurði ítrekað hvort hann væri að kalla sig aumingja. Ákærði svaraði því og sagði: „Æi nei, þú ert enginn aumingi láttu mig hafa húfuna.“ Strákurinn hélt á húfunni fyrir aftan bak og reyndi ákærði að ná henni. Strákurinn skipti þá um hendi til þess að ákærði næði ekki húfunni og var ákærði þá kominn niður á annað hnéd í baráttunni við að ná henni aftur. Strákurinn spurði ákærða ítrekað hvort hann hefði kallað sig aumingja og ákærði svaraði því neitandi. Þegar hér var komið var ákærði hálf kjökrandi og bað strákinn að láta sig fá húfuna aftur. Kastaði strákurinn þá húfunni burtu frá sér og byrjaði ákærði þá að skríða á öðru hnenu en stóð síðan upp og hljóp hokinn eftir húfunni. Eftir að hann hafði náð henni hljóp hann enn hokinn meðan hann var að setja hana á höfuðið. Þegar strákurinn kastaði húfunni hló hann að ákærða.

Eftir að ákærði var búinn að setja húfuna á sig í annað sinn var hann hálf kjökrandi og man ekkert eftir það fyrr en hann var með hnif í hægri hendinni og slengdi henni til stráksins. Man hann að strákurinn leit eftir það niður á brjóstið á sér og sneri sér síðan við. Eftir það man ákærði ekkert fyrr en hann sá mannfjöldu vera að hópast um eitthvað og sjúkrabil þar rétt hjá. Ákærði spurði einhvern hvað væri að gerast og sagði sá að

strákur hefði verið stunginn. Sá ákærði lögregluna þarna og kallaði til þeirra og sagði þeim að hann hefði stungið strákinn. Lögreglumaðurinn, sem heyrdi til ákærða, reyndi að troðast í gegnum hóp unglunga til hans og reyndi ákærði að komast á móti honum. Vinir ákærða, sem þarna voru, reyndu að toga hann í burt og sögðu við lögreglumanninn að hann væri bara eitt-hvað að rugla. Lögreglumaðurinn náði taki á hendi ákærða og reyndu þeir að komast burt frá vinum ákærða, en ákærði man að í þessum hópi voru Grímur og Albert. Ákærði fór síðan með lögreglunni á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem talað var við hann og hann afhenti hnifinn sem hann notaði við að stinga strákinn.

Ákærði kvaðst aðspurður hafa gengið með vasahníf á sér frá því hann var krakki á Akureyri. Hann kvaðst ekki vita um ástæðu þessa, en hann mundi að þegar hann var fyrir norðan hafi þeir verið að byggja kofa og alltaf að tálga spýtur. Hafi þetta verið orðinn vani hjá sér, að vera alltaf með hníf.

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm 22. september sl. kvað hann það rétt að hann hefði að kvöldi 13. september 1985 fyrir utan margnefndan skemmtistað veist að Þorvaldi Breiðfjörð Þorvaldssyni með vasahníf og stungið hann hægra megin í brjostið í framhaldi af orðaskiptum og átökum milli þeirra. Hann treysti sér ekki til að rifja upp atburði umrædds kvölds, þeir væru að mestu horfnir úr minni sér. Hann staðfesti skýrslur þær er hann gaf 14. og 20. september 1985 um málið.

Ákærði kvaðst hafa verið talsvert undir áfengisáhrifum. Hann telur sig ekki verða árásargjarnan undir áhrifum áfengis og yfirlett sé hann rólegur. Hafi hann aldrei lent í útistöðum eða slagsmálum áður.

Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því hvenær hann ákvað að taka upp hníf í átökunum eða viðskiptum sínum við Þorvald og hann mundi ekki eftir því hvað hann sagði eða hvort hann sagði eitthvað við hann áður en hann lagði hnífnum til hans.

Vigdís Erlingsdóttir, Grænuhlíð 8, Reykjavík, fædd 11.02. 1970 hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið að koma úr bíó umrætt kvöld ásamt Hildi Gísladóttur, og fóru þær að margnefndum veitingastað, Villta, tryllta Villa. Skömmu eftir að þær komu þangað sáu þær ákærða vera að tala við einhverja þrjá stráka sem hún þekkti ekki, en þær sáu á svipnum á ákærða að eitthvað var að. Þær fóru til þeirra til að reyna að stíla þeim í sundur. Komu þær ákærða dálítið frá hinum og fóru síðan að tala við þessa stráka til að vita hvað væri um að vera. Sögðu þeir að ákærði hefði byrjað á að stríða þeim. Hún kvaðst hafa heyrt ákærða vera að tala um að það væri alveg eins hægt að stinga menn í bakið eins og að sparka í bakið á mönnum. Tók hún þetta þannig að þessi strákur, sem var stunginn, hefði sparkað í bakið á ákærða því að sá strákur og ákærði voru að rifast um þetta.

Strákurinn, sem síðan var stunginn, sagði síðan eitthvað á þá leið hvort mætti fá að sjá hárið á ákærða, en hún kvað ákærða vera með blettaskalla og mikla minnimáttarkennd út af því. Strákurinn reif síðan hattinn af ákærða og fór ákærði þá á bak við sendiferðabil, sem þarna var. Fór Hildur með honum og setti ákærði á sig hattinn. Kom hann síðan aftur og sagði við strákinn: „Ef þú gerir þetta aftur þá drep ég þig.“ Vigdís kvað líka geta verið að ákærði hafi sagt: „Ef þú gerir þetta aftur þá verður þú ekki lifandi lengur.“

Pilturinn reif þá hattinn aftur af ákærða og þá þreif ákærði upp hnífinn, en setti fyrst á sig hattinn. Hnífurinn var opinn þegar ákærði tók hann upp. Vigdís kvaðst þá hafa ýtt Merði í burtu en hann hafi kýlt sig í vangann með krepptum hnefanum, sem hann hélt á hnífnum í. Færði hún sig þá frá, en ákærði hljóp að stráknum. Hún sneri sér undan um leið því hún fann svo til í kjálkanum, þannig að hún sá ekki hvað gerðist frekar.

Svolítill stund leið þar til hún sneri sér við aftur og þá sá hún að hópur var í kringum strákinn sem lá á götunni. Datt henni þá strax í hug að ákærði hefði stungið hann. Ákærði æddi þarna um fram og aftur. Svo hafi hann viðurkennt fyrir henni, hvað hefði gerst, þegar hún fór að spyrja hann um þetta. Ákærði hafi aðeins sagt: „Ég stakk hann.“

Nánar aðspurð sagði Vigdís að þegar strákurinn reif hattinn af ákærða í annað skiptið hafi ákærði farið dálítið frá honum, sett upp hattinn og síðan tekið upp hnífinn. Fór hún þá að ýta honum frá, en þá hafi hann slegið sig. Ákærði hafi því verið þónokkuð frá stráknum þegar hann tók upp hnífinn.

Við síðari yfirheyrslu var Vigdís beðin að skýra þetta nánar og spurð hvað hún teldi að ákærði hefði verið langt frá stráknum þegar hann tók upp hnífinn. Hún kvað erfitt að giska á svona fjarlægðir en eftir nokkra umhugsun giskaði hún á að fjarlægð milli ákærða og hins pilsins hefði verið um það bil 6 metrar, þegar ákærði dró upp hnífinn.

Þá sagði Vigdís einnig að þegar strákurinn hafi síðast rifið hattinn af ákærða hafi hatturinn ekki dottið alveg af honum en hangið á hnakkanum og ákærði gripið hann með hendinni. Hún hafi þá ýtt ákærða frá stráknum og ákærði fært sig dálítið frá honum, sett upp hattinn og tekið upp hnífinn. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, úr hvaða vasa ákærði tók hnífinn og hnífurinn hafi verið opinn þegar hún sá hann.

Þegar hún hafi séð að ákærði var kominn með opinn hnif í höndina og eins og með frosinn svip á andlitinu hafi hún sagt honum að hætta þessu og reynt að fá hann til að koma í burt. Þá hafi ákærði kýlt hana í vangann eins og þegar hefur verið lýst. Hún hafi þá snúið sér undan. Næst þegar hún sá ákærða stóð hann framan við strákinn, þannig að þeir sneru hvor á móti öðrum, en hún mundi ekki með vissu hvort hún hafi séð þetta þegar

hún leit við aftur eða hvort hún hefði farið til krakka sem þarna voru nálægt og þá litið til ákærða og stráksins. Ákærði hafi síðan komið til hennar og þessara krakka og einn strákur í hópnum hafi spurt hvað um væri að vera. Ákærði hafi svarað því til að strákurinn hafi verið að skapa „fæting“ Strákurinn, sem hafi verið Ari Gunnarsson og búí í Reykjahlíð 8 eða 10, hafi þá sagt við Mörd: „Ekki stinga hann, ég skal lemja hann;“ en ákærði hafi þá svarað: „Þetta er allt í lagi, ég er búinn að stinga hann einu sinni.“ Hún kvaðst þó ekki geta verið viss um að þessar orðræður ákærða og Ara hafi verið nákvæmlega eins og hér er orðað. Þá kvaðst hún ekki vera viss um að ákærði hafi notað orðið að stinga. Hann hafi líka getað hafa sagt: „Ég er búinn að særa hann einu sinni.“ Ákærði hefur við yfirheyrslur sagt að hann muni ekkert eftir þeim ummælum sem framangreint vitni hefur eftir honum og man heldur ekki eftir að hafa slegið hana á vangann.

Örn Smáráson, Öldugranda 1, fæddur 24.01. 1969 hefur skýrt svo frá að hann hafi verið með Þorvaldi Þorvaldssyni umrætt kvöld. Hafi þeir farið saman niður að veitingahúsinu Villta, tryllta Villa og farið þar inn, en hafi verið hent út aftur. Þeir hafi verið búnir að drekka innan við hálfu flösku af vodka, sennilega $\frac{1}{3}$ úr flösku. Kvaðst Örn hafa verið orðinn vel drukkinn, en hann taldi að Þorvaldur hefði ekki verið drukkinn því hann hafi þolað svo mikið. Við yfirheyrslu 14. september 1985 mundi Örn ekki hvernig það byrjaði að Þorvaldur og ákærði fóru að tala saman. Þegar hann kom hér fyrir dóm 22. september sl. skýrði hann svo frá að hann hafi hugsað mikið um hvernig atburðarásin var umrætt kvöld. Hafi það rifjast upp fyrir sér að hann hafi hitt ákærða á planinu fyrir framan skemmtistaðinn Villta, tryllta Villa þarna um kvöldið, en vitnið þekkti hann lítilega fyrir í gegnum sameiginlegan kunningja. Vitnið minnti að það hafi gengið að ákærða og farið að tala við hann og sagt eitthvað á þá leið við hann hvort hann væri ennþá með húfuna. Minnir vitnið að það hafi komið við húfu ákærða með hendinni og ákærði hafi vikist undan og við það misst húfuna. Í framhaldi þessa hafi ákærði orðið reiður og gripið til vitnisins og sagt við það að gera þetta ekki aftur. Í framhaldi þessa hafi Þorvaldur komið og hófu þeir að ræða saman, Þorvaldur og ákærði, en Þorvaldur taldi að ákærði hefði verið að gera vitninu eitthvað. Vitnið fylgdist ekki með öllu sem gerðist á milli þeirra en það man að það sá Þorvald sparka í bakið á ákærða. Það man einnig að ákærði fór eitthvað í burtu og kom aftur með tveimur stúlkum. Einnig man það eftir því að hafa séð Þorvald taka húfuna af ákærða. Í framhaldi af því hafi ákærði manað hann til þess að taka húfuna af sér aftur og eftir það hafi vitnið séð ákærða slá í áttina til Þorvalds, en vitnið sá ákærða aldrei með hníf í hendi. Eftir þetta hafi þeir gengið í burtu, Þorvaldur og vitnið, en skömmu síðar hafi Þorvaldur haft á orði

að hann hefði verið stunginn. Telur vitnið að hann hafi ekki áttað sig á þessu í fyrstu. Vitnið ætlaði í fyrstu að fara á lögreglustöðina og tilkynna þetta, en rétt á eftir féll Þorvaldur. Vitninu datt þá í hug að það hafði séð lögreglubíl þarna staðsettan og hljóp þangað og tilkynnti lögreglu-mönnum um þetta.

Vitninu var lesinn framburður ákærða hjá rannsóknarlögreglu 14. september 1985 um upphaf samskipta þeirra Þorvalds og sín í framhaldi af samtali sínu við vitnið. Vitnið kvaðst ekki vera alveg visst í sinni sök um þetta en það muni ekki eftir því, sem lýst er í framburði ákærða og telur frekar að þetta hafi verið á þann veg sem hér hefur verið lýst.

Vitnið kvaðst hafa þekkt Þorvald B. Þorvaldsson vel, því að þeir hafi verið mikið saman. Það kvað Þorvald ekki hafa verið mikið undir áhrifum áfengis, en þeir höfðu þó neytt einhvers áfengis. Þorvaldur hafi yfirleitt verið rólegur að edlisfari, en hann hafi átt það til að vera stríðinn. Vitnið sagði aðspurt að það hafi einu sinni áður vitað til þess að Þorvaldur hafi lent í átökum eða í rifrildi, en það var fyrir framan Hressingarskálann, og taldi vitnið að það hafi verið allt að ári áður en þetta átti sér stað.

Grímur Atlason, Miklubraut 60, fæddur 06.12. 1970 hefur skýrt svo frá að Hildur Gísladóttir, vinkona sín, hafi komið inn til þeirra Alberts Svein-jónssonar þar sem þeir voru inni í spilasal rétt hjá veitingahúsinu Villta, tryllta Villa og tjáð þeim að ákærði ætti í vandræðum þar sem einhverjir væru að taka af honum hattinn og lemja hann. Fóru þeir út og hittu ákærða sem sagði þeim að strákar hefðu verið að lemja sig og taka af honum hattinn. Þeir hafi þá ætlað að finna þennan pilt sem hafði verið að angra ákærða, en sáu þá fullt af fólki í kring um pilt sem lá á götunni. Sagði ákærði þá við þá: „Ég stakk hann áðan.“ Þeir ætluðu að fara með ákærða heim, en hann vildi það ekki og fór til lögreglunnar og sagði frá því sem hafði gerst. Vitnið taldi að ákærði hefði verið búinn að drekka um ½ pela af Ballantines whisky, en taldi að hann hefði ekki drukkið neitt annað.

Þegar vitnið kom hér fyrir dóm 22. september sl. kvað það ákærða hafa verið eitthvað undir áfengisáhrifum. Það taldi hegðan hans eða framkomu á engan hátt öðruvísi en venja var til og hafi það aldrei orðið vart við að hann væri árásargjarn eða uppstökkur undir áhrifum áfengis.

Lárus Óskarsson, Hofsvallagötu 22, fæddur 09.04. 1969 kvaðst hafa verið í veitingahúsinu Villta, tryllta Villa umrætt kvöld og hafi hann lítilliga verið undir áhrifum áfengis. Einhvern tíma um kvöldið hafi hann hitt Þorvald Þorvaldsson og Örn Smáráson rétt við innganginn í spilasalinn Tralla. Þorvaldur hafi bent á pilt sem þarna var og sagt að hann langaði til að slást. Vitnið kvaðst þá hafa gengið að piltinum og tekið í öxl hans. Pilturinn hafi þá snúið sér við og kvaðst vitnið hafa spurt hann hvort hann hefði verið að gera Þorvaldi eitthvað, en pilturinn svaraði því neitandi og snúið

sér aftur við og labbað áfram. Kvaðst vitnið hafa séð að Þorvaldur gekk á eftir piltinum, en vitnið fór aftur inn í spilasalinn Tralla. Vitnið hitti Örn aftur síðar um kvöldið grátandi og sagði hann vitninu þá að Þorvaldur hefði verið stunginn með hnífi en talaði ekkert um, hver hefði stungið hann. Vitnið sagði aðspurt að Þorvaldur hefði sjáanlega verið undir áhrifum áfengis en ekki mikið. Hann hafi virst vera eitthvað „stressaður“.

Þegar vitnið var yfirheyrt hér í dómi kvaðst það hafa heyrt að Þorvaldur hefði einhvern tíma áður lent í átökum við pilta. Hann hafi átt það til að vera ógnandi í framkomu, þ.e. að stökkva í átt að piltum og láta eins og hann ætlaði að hefja slagsmál, en vitnið taldi að hann hefði ekki meint mikið með slíku.

Ari Gunnarsson nemi, Reykjahlíð 10, fæddur 02.06. 1970 hefur skýrt svo frá að hann hafi verið fyrir utan Villta tryllta Villa umrætt föstudagskvöld. Vitnið kom þar að þar sem ákærði var að rífast við annan pilt, og hafi hann verið æstur. Sá vitnið ákærða vera með hníf. Fékk vitnið hann til þess að setja hann aftur í vasann. Annar piltur kom þarna að þar sem vitnið var að togast á við ákærða, og hélt sá piltur vitninu, þannig að ákærði gat farið í burtu. Vitnið losnaði rétt á eftir frá hinum piltinum og hljóp á eftir ákærða og kom þar að þar sem hann var með opinn hníf. Tók vitnið eitthvað í ákærða, en hann otaði þá hnífnum að vitninu og fór hnífsblaðið í lófa vitnisins, og skarst það dálítið. Ákærði hljóp síðan frá vitninu. Sá vitnið ekki frekar hvað gerðist.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir því sem ofangreint vitni skýrir frá en véfengir ekki að þar sé rétt frá greint.

Guðni Sigurbjarnason lögrefluflöksstjóri, Þverbrekku 2, Kópavogi, fæddur 12.07. 1957 hefur skýrt frá því, að hann hafi, ásamt Guðmundi Baldurssyni og fleiri lögrefluþjónum, verið staddur við veitingahúsið Villta, tryllta Villa. Þegar sjúkraliðsmenn hafi verið að bera hinn slasaða pilt út í sjúkrahúsið hafi Guðmundur Baldursson kallað til sín og beðið sig um aðstoð þar sem piltur hafi komið til sín og sagt að hann hefði stungið piltinn sem verið væri að bera í sjúkrahúsið, en félagar hans væru að reyna að hindra piltinn í að koma með sér í lögreflubifreiðina. Vitnið aðstoðaði Guðmund og pilturinn kom með þeim sjálfviljugur í lögreflubifreiðina. Pilturinn var sjáanlega undir áhrifum áfengis, en virtist rólegur. Hann var með hvítröndotta þrjónahúfu á höfðinu. Vitnið kvað þá lögreflumennina hafa spurt piltinn hvort hann hefði stungið þann sem legið hafði á bílastæðinu, en hann ekki verið viss um það. Þá hafi þeir spurt hann af hverju hann hafi stungið pilt og hann þá rífið af sér húfuna og sagt að hann væri með blettaskalla og sá sem hann hefði stungið hefði verið að áreita sig margoft um kvöldið með því að rífa af honum húfuna. Pilturinn hafi sagt þeim þetta á leiðinni á lögreflustöðina. Vitnið kvaðst hafa spurt piltinn að

því í lögreglubifreiðinni á leiðinni hvort hann væri með hnífinn á sér og játaði hann því, en fann ekki hnífinn er hann leitaði hans. Á lögreglustöðinni var pilturinn færður fyrir varðstjóra og þar fór fram leit á honum. Í úlpuvasa fannst vasahnífur með svörtu skefti. Þegar hnífurinn var opnaður kom í ljós að á blaði hans var blóð á u.þ.b. 2ja þumlunga löngum kafla. Þarna hafi og komið í ljós, að hér var um ákærða að ræða, og hjá varðstjóra hafi hann viðurkennt, að hafa stungið annan pilt með hníf.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er sem fyrr segir fæddur 26.03. 1970 í Reykjavík. Foreldrar hans eru Ingólfur Sverrisson, framkvæmdastjóri, Eskihlíð 10, og eiginkona hans Áslaug Hauksdóttir, hjúkrunarfræðingur. Fyrstu æviár ákærða bjuggu þau á Akureyri, en þegar ákærði var átta eða níu ára gamall fluttust þau til Reykjavíkur. Hann hefur skýrt svo frá að hann hafi verið mikið í fótbolta sem barn og unglingur og byrjað að æfa mjög mikið með knattspyrnufélaginu Val eftir að hann fluttist til Reykjavíkur. Einnig æfði hann körfubolta með Val og spilaði í 5. flokki knattspyrnu. Eftir að fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur byrjaði hár að detta af honum og fór hann þá til læknis. Kom þá í ljós að hann var með „blettaskalla“ og gekkst undir lyfjameðferð og lagaðist þá hárið aftur. Á þessu tímabili hélt hann áfram að æfa íþróttir og tók sjúkdómnum ekki illa.

Þegar allt hafði gengið vel með hárið í eitt til tvö ár frá því að hann gekkst undir lyfjameðferðina byrjaði hárið aftur að detta af honum. Tók hann þetta mjög nærri sér og var honum strítt af eldri krökkum, en mjög lítið af jafnöldrum. Byrjaði hann þá að ganga með skiðahúfuna frá því að hann vaknaði og þar til hann sofnaði.

Ákærði hefur sagt að á þessum tíma hafi hann farið að loka sig inni alla daga og aðeins farið út til þess að fara í skólann. Þannig gekk þetta um nokkurn tíma en eftir að hann fór að fara út aftur var húfa hluti af honum sjálfum. Gat hann ekki skipt um húfu þegar sú, sem hann hafði gengið með var orðin slitin nema fara til Akureyrar til þess að venjast nýju húfunni.

Skólaganga ákærða hefur að hans sögn alla tíð gegnið vel og tvö síðastliðin ár hafa samskipti hans við skólafélaga hans gengið vel. Hann hefur fengið leyfi til þess að vera með húfuna í kennslustundum og framvísað læknisvottorði til þess að stunda ekki leikfimi. Allt er þetta vegna sjúkdóms hans. Helst er reynt að taka af honum húfuna þegar hann er staddur niðri í bæ. Er hann því í stöðugri vörn og slappar aldrei af því ef húfan er tekin af honum þá finnst honum sem hann sé nakinn og varnalaus og þá kemst ekkert annað að hjá honum annað en að ná húfunni aftur. Er hann þá

tilbúinn til þess að leggja mikið á sig til að ná henni og gerir nánast hvað sem er til þess.

Ákærði kvaðst hafa byrjað áfengisneyslu nokkrum mánuðum eftir að hann byrjaði að fá blettaskalla í annað sinn. Hann viti ekki ástæðu þess að hann fór að neyta áfengis en telur sennilegt að það hafi verið vegna óöryggis.

Hannes Pétursson yfirlæknir hefur gefið skýrslu um gedheilbrigðisrannsókn á ákærða, sem hann framkvæmdi á tímabilinu 14. september til 14. október 1985. Í skýrslu yfirlæknisins eru meðal annars raktir þeir erfiðleikar sem ákærði hefur átt við að stríða vegna framangreinds sjúkdóms síns. Í skýrslunni segir meðal annars:

„Að sögn foreldra var Mördur fyrr á árum mjög félagslyndur og jafnan leiðtogi jafnaldra sinna, en hefur á síðustu árum dregið sig í hlé. Hann hafi á stundum verið dálítið frekur og uppvöðslusamur við foreldra sína, en aldrei sýnt af sér árásargirni og nýtur talsverðra vinsælda og trausts skólafélaga, sem meðal annars hafa kosið hann í stjórn nemendaráðs. Foreldrar Marðar nefndu dæmi um það hve blettaskallinn hefur háð Merði og hve háður hann hefur orðið höfuðfati sínu. Mördur hafi fermst fyrir ári síðan og hafi húðsérfræðingur gefið honum hormónalyfjagjöf til þess að hár hans yxi svo hann gæti farið inn í kirkjuna við ferminguna. Að sögn foreldra læsir Mördur gjarnan íbúðinni heima hjá sér ef hann tekur húfuna niður og hefur hana ásamt úlpunni handbæra ef einhverjum yrði hleypt inn. Móðir hans nefndi að piltur hefði einu sinni séð Mörd húfulausan gegnum eldhúslugggann og haft á orði að hann hafi aldrei séð Mörd áður án húfu. Síðan fáiast Mördur ekki fram í eldhús, til dæmis til að vaska upp, nema gluggatjöld séu dregin fyrir. Félagar Marðar í skólanum hafi ætíð haldið yfir honum verndarhendi og sé húfunni náð af honum hleypur hann gjarnan á brott og felur sig og bíður á meðan félagar hans reyna að ná húfunni fyrir hann.

Að sögn foreldra hefur blettaskalli Marðar versnað í törnum og hafa þau þá orðið vör við það að Mördur væri mun spenntari og ætti við meiri vanlíðan að stríða. Hann hefur þó haldið í vonina að sjúkdómur hans myndi lagast hvað úr hverju og telja foreldrar hans að það sé aðalástæðan fyrir því að hann hafi ekki fengist til að setja upp hárkollu því það væri eins og að viðurkenna ósigur.

Mördur kveðst fyrst hafa farið að fikta við að reykja haustið 1982, en jafnan reynt að halda því leyndu fyrir foreldrum sínum. Um sama leyti hafi hann byrjað að smakka áfengi aðallega í sambandi við unglingsamkomur. Oft hafi verið erfitt að útvega sér áfengi, en síðastliðið sumar hafi hann unnið í byggingarvinnu og haft næg fjárráð. Hann smakki að jafnaði áfengi rúmlega einu sinni í mánuði. Kveðst þurfa mjög lítið til þess að finna á

sér og hafi allra mest drukkið $\frac{1}{2}$ flösku í senn, kveðst hafa dáið áfengis-
dauða og verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans síðla árs 1983 vegna þess.
Hann hafi ekki smakkað áfengi í 1 ár eftir þetta. Mörður kveðst alfarið
hafa haldið sig frá fíkniefnum, jafnvel þótt hann hafi á stundum verið á
„Hlemnum“.

Ályktun yfirlæknisins er á þessa leið.

„Að mínu áliti er Mörður Ingólfsson ekki haldinn formlegri geðveiki né
heldur greindarskort. Hins vegar er ljóst að hann hefur átt við verulega
og langvarandi geðræna erfiðleika að stríða vegna blettaskallans. Borið
hefur á minni háttar atferlistruflunum, skaperfiðleikum, innan og utan
skóla, auk misnotkunar áfengis, að minnsta kosti miðað við ungan aldur.
Með hliðsjón af framangreindum geðrænum erfiðleikum auk ungs aldurs,
er þó engan veginn hægt að lýsa slíkum hegðunarvandkvæðum sem viðvar-
andi persónuleikatrúflun.

Mörður ber fyrir sig minnisleysi að því er varðar nánasta aðdraganda þess
verknaðar er hann sætir nú kæru fyrir og er slíkt í samræmi við hlutfallslega
mikla og hraða neyslu áfengis, en auk þess er líklegt að Mörður bæli með
sér tilfinningar og minningar varðandi atburðinn. Þrátt fyrir talsverða ölvun
þegar verknaðurinn átti sér stað er ljóst, að dómgreind og raunveruleikamat
Marðar er óskert og hann er því sakhæfur. Af framburði vitna virðist mega
ráða að Mörður hafi lýst ásetningi til verksins, þó hann reki nú ekki sjálfan
minni til slíks. Af sama vitnisburði er hins vegar einnig ljóst að Mörður
hefur orðið fyrir stórfelldri áreitni, og að hann hafi sökum sjúkdómsins
orðið mjög miður sín andlega þannig að verknaðurinn hafi verið framinn
í ákafri geðshræringu.

Mörður hefur nú þegar hætt að nota framangreint höfuðfat og tekið upp
hárkollu þess í stað. Hann er nú um það bil að taka aftur upp þráðinn
við skólanám sitt og hefur í huga að verða sér úti um aukakennslu til þess
að bæta líkurnar á því að hann komist í Verslunarskóla Íslands á næsta ári.

Ég tel að þessar ráðstafanir muni reynast Merði mikilvægar við að reyna
að auka á stöðugleika í lífi sínu og vinna gegn þeim geðrænu erfiðleikum
og vaxandi félagslegu einangrun sem sjúkdómur hans hefur valdið honum.
Verði Mörður fundinn sekur um framangreint atvik er líklegt að fangelsun
muni gera honum mun erfiðara um vik að vinna að framangreindum mark-
miðum, en auk þess er ljóst að sökum ungs aldurs er líklegt að fangelsun
hefði álvarleg áhrif á persónuleikabroska hans, aðlögun, nám og nánast alla
hans framtíð.

Sjái hæstvirtur sakadómur sér fært að beita refsingu í máli þessu annarri
en frelsissviptingu, þá er undirritaður fús að aðstoða Mörd og fjölskyldu
hans með ráðgjöf og meðferð í því formi að hann/fjölskyldan mæti reglu-
bundið í viðtöl hjá undirrituðum.“

Þá liggur fyrir í málinu sem fylgiskjal með skýrslu um geðheilbrigði ákærða skýrsla Sigurgísla Skúlasonar, sálfræðings, um greindarpróf, sem lögð voru fyrir ákærða, þ.e. greindarpróf Wechslers og standard útgáfu Raven prófsins. Á greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 115 og verklega hlutans 109 og greindarvísitala alls er því 113, sem telst góður árangur og fyrir ofan meðallag. Telst ákærði því vel gefinn samkvæmt niðurstöðum þessa greindarprófs og segir í skýrslunni, að gera megi ráð fyrir því að eðlisgreind hans sé eitthvað hærri vegna þess að hann hafi verið mjög kvíðinn og spenntur í prófinu.

Þá segir að á standardútgáfu Raven prófsins hafi Mörður leyst 51 verkefni rétt af 60 mögulegum, sem sé góður árangur. Sé þessi árangur fyrir ofan meðallag og í samræmi við niðurstöður Wechsler prófsins.

Gunnar Sandholt, starfsmaður fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, hefur skýrt frá því fyrir dóminum að það hafi komið í sinn hlut að hafa með mál ákærða að gera eftir að úrskurðað var að hann skyldi hlíta umsjón Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Það varð niðurstaða eftir athuganir á þessu máli hjá barnaverndarnefnd að skoða yrði mál þetta út frá veikindum ákærða sem hér hefðu átt stóran þátt, þ.e. sú staðreynd að hann var með blettaskalla og af því hafi spunnist ýmis tilfinningaleg vandamál. Var ákærði tekinn til meðferðar með þetta í huga, en í fyrstu voru skorður settar við útivistartíma hans og fylgst náið með því að ekki væri um áfengisneyslu að ræða. Vitnið segir að ákærði hafi sjálfur tekið þessi mál föstum tókum og ákveðið að breyta mjög um háttu, m.a. hafi hann ákveðið að bera hárkollu, sem hann hafði ekki viljað gera til þessa. Hann hafi fengið mikinn stuðning frá fjölskyldu og foreldrum og er það skoðun barnaverndarnefndar að málið hafi þróast vel og ákærði tekið þau réttum tókum. Hann hóf fljótlega nám í skóla aftur eftir þetta og afskipti barnaverndarnefndar síðasta hálfu árið hafa ekki verið mikil önnur en að hafa öðru hvoru samband við geðlækni þann sem geðrannsakaði ákærða og skóla hans en strjálta samband við heimili og foreldra ákærða.

Vitnið lýsti þeirri skoðun sinni að vel hafi tekist til varðandi viðbrögð ákærða og fjölskyldu hans og að mikilvægt sé gagnvart framtíð ákærða að þetta verði haft í huga við áframhaldandi meðferð þessa máls. Taldi vitnið að hepplegasta leiðin væri að ákærða yrði sett skilyrði um að sæta einhvers konar umsjón eða eftirliti. Vitnið segir það sjaldgæft að eins góður árangur náist og hér hafi gerst í sambandi við meðferð slíkra mála þegar um afbrot er að ræða.

Rétt er að geta þess að ákærði hóf nám í Verslunarskóla Íslands nú í haust.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt kærnum eða refsingum.

Niðurstaða:

Sannað er í málinu með eigin játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, þ.e. framburðum vitna og krufningarskýrslu Ólafs Bjarnasonar, að ákærði veittist föstudagskvöldið 13. september 1985 að Þorvaldi Breiðfjörð Þorvaldssyni fyrir utan margnefndan skemmtistað á Skúlagötu og stakk hann með vasahnífi hægra megin í brjóstið með þeim afleiðingum að hann lést þrátt fyrir tilraunir lækna til að bjarga lífi hans með skurðaðgerð.

Af framburðum ákærða sjálfs og vitna verður að telja, að ásetningur til að stinga Þorvald með hnífi hafi myndast hjá ákærða eftir að Þorvaldur sparkaði eða sló í bak hans og hafði ítrekað tekið af honum húfu eða hatt hans, en við þetta komst ákærði í mikla geðshræringu. Ásetningur ákærða var svo ákveðinn að hann framkvæmdi verknaðinn þrátt fyrir að bæði Vigdís Erlingsdóttir og Ari Gunnarsson reyndu að fá hann til að hætta við að ráðast að Þorvaldi með hníf. Ákærða hlaut að vera ljóst að slík atлага með hættulegu vopni myndi geta leitt til dauða. Ber að líta á verknað hans sem ásetningsverk, sem varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis verður að telja ákærða sakhæfan.

Af framburðum ákærða og vitna er ljóst að Þorvaldur hefur komið honum mjög í uppnám með því að taka húfu hans af honum og með því að sparka eða berja í bak hans. Hefur ákærði lýst þessu svo, að allt hafi hringsnúist í höfði sér og margra ára innibýrgðar tilfinningar brotist út. Verður að meta þetta í ljósi sjúkdóms ákærða og hafa hliðsjón af því, sem lýst er í skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis „að hann hafi átt við verulega og langvarandi geðræna erfiðleika að stríða vegna blettaskallans.“

Við ákvörðun refsingar þykir því rétt að hafa hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber einnig við refsíákvörðun að líta til hins unga aldurs ákærða er hann framdi verknaðinn, en hann var þá tæplega fimmtán og hálfars gamall, svo og á það, að hann gaf sig sjálfur fram á vettvangi við lögreglu og viðurkenndi brot sitt undanbragðalaust, sbr. 2. og 9. tl. 74. gr. hegningarlaganna.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 ár.

Mál þetta er mjög sérstætt og óvenjulegt. Kemur þar einkum til hinn ungi aldur ákærða annars vegar og hins vegar það samspil tilfinningalegs ójafnvægis, sem rekja má til sjúkdóms hans, og óhappaatvika sem leiddi til þess örlagaríka verknaðar sem hér er fjallað um.

Ákærði er nú að hefja skólanám til undirbúnings lífsstarfi sínu og er

ljóst að refsivist, sem kæmi nú til framkvæmda, myndi hafa veruleg áhrif á framtíð hans. Ber hér m.a. að hafa í huga þá ályktun Hannesar Péturssonar yfirlæknis að fangelsun „hefði alvarleg áhrif á persónuþroska hans, aðlögun, nám og nánast alla hans framtíð.“

Skilorðsbindingu hefur ekki verið beitt til þessa hér á landi í málum þar sem dæmt er til fangelsisvistar í lengri tíma en 1 ár, að því er best verður séð. Hafa dómstólar að því leyti beitt heimild til skilorðsbindingar af varúð, en í 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955, er ákvörðun um þetta alfarið lögð á vald dómstóla og engar skorður settar við skilorðsbindingu að því er varðar tegund brots eða lengd refsivistar. Sýnir það að löggjafinn hefur ekki viljað útiloka neina möguleika í þessum efnum og ætlað dómstólum að meta það hverju sinni hvort skilorðsbindingu skuli beita.

Þegar virtar eru þær sérstöku og óvenjulegu aðstæður, sem mál þetta er sprottið úr og hér hafa áður verið raktar, þykir rétt að nýta heimild 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955 og fresta fullnustu refsingar ákærða, þannig að hún falli niður að liðnum 4 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi hann almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. Einnig þykir rétt að ákveða að ákærði skuli í 2 ár frá sama tíma hlíta sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 4. mgr. 57. gr. hegningarlaganna.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000,00. Einnig skal hann greiða sömu fjárhæð í saksóknarlaun í ríkissjóð, en af ákærvaldsins hálfu flutti Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari mál þetta hér fyrir dómnum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Mördur Ingólfsson, sæti fangelsi í 4 ár.

Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 4 árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Auk þess skal ákærði í 2 ár frá sama tíma hlíta skilyrði 1. tl. 4. mgr. sömu greinar.

Ákærði greiði allan kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 30.000,00 og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000,00.